

skuldbindingin ekki byggzt á viðskiftasamningi, hafi prókúruhafi h/f. Alda farið út fyrir umboð sitt og ábyrgðin þá frá upphafi verið ógild. Þessu til stuðnings hafa þeir vitnað til 25. gr. laga nr. 42, 18. nóv. 1903, og verður rétturinn að fallast á, að sérstæðar ábyrgðarskuldbindingar verði ekki talðar til rekstrar atvinnu umbjóðanda prókúruhafa.

Með skirskotun til framanritaðs verður rétturinn að lita svo á, að ofangreind ábyrgð, sem prókúruhafi h/f. Alda tók á félagið, sé fallin niður og beri félagið því ekki ábyrgð á umstefndri kaupkröfu umbjóðanda stefnanda. Eiga því stefndu, f. h. h/f. Alda, að vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 13. nóv. 1929.

Nr. 14/1929.

Sparisjóður Norðfjarðar

(Guðmundur Ólafsson)

gegn

**frú Guðrúnu Ólafsson, f. h. dánar-
bús Ragnars Ólafssonar og skifta-
ráðandanum í Suður-Múlasýslu, f. h.
protabús h/f. Eljan á Norðfirði (Enginn).**

Ómerkingardómur.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, útg. 8. febr. þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 14. jan. s. á. Er mál þetta var tekið fyrir hér í rétti í maímán. s.l., var því samkvæmt ósk áfrýjanda og með samþykki stefndu, er þá létu mæta í málinu, frestað til fyrirtektar í júnimán. og síðar til fyrirtektar í októbermán., en með því að þá mætti enginn af hálfu hinna stefndu, hefir málið verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Í héraði var mál þetta höfðað af Ragnari Ólafssyni kaupmanni á Akureyri gegn skiftaráðandanum í Suður-Múlasýslu, Magnúsi sýslumanni Gíslasyni, f. h. protabús h/f. Eljan og sparisjóðnum á Norðfirði, en þótt Magnús sýslumaður Gíslason væri þannig formlegur aðili málsins, hefir hann þó gefið út stefnu í því, leitað um sættir og kveðið upp dóm í málinu.

Þetta getur eigi talizt lögleg meðferð málsins, og verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins fyrir sjóðóminum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði falli niður, en málskostnað í hæstarétti verður samkvæmt kröfu áfrýjanda að dæma stefndu til að greiða in solidum og ákveðst hann 250 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins fyrir sjóðóminum á að vera ómerk.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en málskostnað í hæstarétti greiði hinir stefndu, frú Guðrún Ólafsson, f. h. dánarbús Ragnars Ólafssonar og skiftaráðandinn í Suður-Múlasýslu, Magnús sýslumaður Gíslason, f. h. protabús h/f. Eljan á Norðfirði, in solidum áfrýjanda, sparisjóði Norðfjarðar með 250 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

